

# Eystrahorn

30. tbl. 36. árgangur

Fimmtudagurinn 30. ágúst 2018

www.eystrahorn.is

## Skólastarf FAS hafið

Skólastarf haustannar í FAS hófst þann 20. ágúst með skólasetningu. Í kjölfarið voru svo umsjónarfundir þar sem nemendur skoðuðu stundatöflur sínar og skipulag annarinnar nánar. Kennsla hófst svo þriðjudaginn 21. ágúst samkvæmt stundaskrá. Farið var miðvikudaginn 22. ágúst í nýnemaferð. Það var föngulegur hópur sem lagði af stað í rútu og samanstóð hópurinn bæði af nemendum og kennurum. Ferðinni var heitið inn að Lindabakka en búið var að ákveða að ganga þaðan upp Krossbæjarskarð og yfir að réttinni í Laxárdal. Tilgangur ferðarinnar var fyrst og fremst að bjóða nýnema velkomna í skólann. Á gönguferð sem þessari geta nemendur bæði eldri og yngri og svo kennarar blandað geði og kynnst á öðrum vettvangi en í skólastofunni. Ekki spillti fyrir að veður var ljómandi



Hópurinn sem fór í nýnemaferðina

gott og fjörðurinn skartaði sínu fegursta.

Það er skemmst frá því að segja að ferðin gekk ljómandi vel og allir sáttir. Þegar hópurinn kom til baka í Nýheima var búið að grilla hamborgara sem voru gerð góð skil enda allir orðnir svangir eftir útiveruna.

Þegar skólastarf er komið af stað er gjarnan margt um manninn í Nýheimum og má ætla að vel á annað hundrað manns séu í húsi virka daga. Í fyrra var ákveðið að hafa sameiginlega viðburði allra í húsinu til að fólk myndi kynnst og átta sig betur á þeirri fjölbreyttu starfsemi sem fer fram í húsinu daglega. Auðveldasta leiðin til fá fólk saman er að bjóða upp á góðgjörðir og í fyrra var íbúum hússins skipt upp í fjóra hópa og stóð hver hópur fyrir sameiginlegum kaffitíma allra einu sinni á önn.

Þetta mæltist svo vel fyrir að



Skólasetning í FAS

það hefur verið ákveðið að halda þessum sameiginlegum stundum áfram og var fyrsta boði í boði Frumkvöðlagangs síðastliðinn þriðjudag. Borðin svignuðu undan kræsingum sem runnu ljúflega í maga. Við þetta tækifæri kynnti Eyjólfur

skólameistari fyrirkomulag á veitingasölu vetrarins en hægt verður að fá mat bæði í áskrift og eins með því að kaupa 10 miða kort. Þeir sem vilja fá nánari upplýsingar um veitingasöluina geta haft samband við Eyjólf.



Zophonias og Eyjólfur eru ágætir grillarar

## 4. flokkur Sindra Íslandsmeistarar

Síðastliðinn laugardag tóku Sindrastrákar í 4. flokki á móti Njarðvík í 7 manna bolta. Eftir leikinn sem sem endaði með sigri heimamanna, 8-1, var Sindra afhentur Íslandsmeistarabikar.

Strákarnir voru reyndar búnir að tryggja sér hann áður, en þeir unnu alla sína leiki í 7 manna deildinni.

Þetta er annað árið í röð sem 4. flokkur vinnur Íslandsmótið í 7 manna bolta. Þjálfari drengjanna er Samir Mesetovic.

Þess má líka geta að 4. flokkur kvenna sem spilar í samstarfi með Einherja á Vopnafirði í 11 manna bolta hafa líka unnið alla sína leiki í sumar og eru komnar í úrslit í Íslandsmótinu.







## FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA

### LEIKFIMI Í SAL

Leikfimi í sal hefst þriðjudaginn 3. september kl. 16:30.

Stjórnandi Valgerður Reykjálín.

## Haustdagar í gróðrarstöðinni Dilksnesi 10% - 50% afsláttur af flestum tegundum.




Opíð kl. 14:00 -18:00  
30. og 31. ágúst og  
3.,4. og 5. september.

Þess utan eftir  
samkomulagi, s: 849-1920

Verið velkomin

## Gróðarstöðin Dilksnesi

Íslenskar  
garðplöntur



Fiskur er góður,  
munið eftir  
fiskbúðinni.

S: 865-3302  
og 478-1169  
Verið velkominn.



**FISKBÚÐ**  
Gunnhildar

**Fiskbúð Gunnhildar**



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og  
ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson  
Netfang: .....tjorvi@eystrahorn.is  
Prófarkalestur.... Guðlaug Hestnes  
Umbrot: ..... Tjörvi Óskarsson  
Prentun: ..... Litlaprent  
ISSN 1670-4126

## Eystrahorn

### Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur  
velkomnir í hópinn.

HLS ehf.

Rnr. 0537-14-409068  
Kt. 500210-2490



## Sveitarfélagið HORNAFJÖRÐUR

Sveitarfélag Hornafjarðar óskar eftir  
tilboðum í verkið "Hagaleira – Jarðvinna og  
lagnir 2018".

Verkið felst í því að grafa fyrir lögnum þ.e. skólp-  
lögnum, regnvatnslögnum og neysluvatnslögnum,  
útvega lagnaefni, leggja lagnirnar, sanda í kringum  
þær, koma fyrir lögnum að niðurföllum, koma fyrir  
heimæðum og fylla í lagnaskurð og jafna út fyllingu  
í Hagaleiru skv. teikningum, í samráði við verkkaupa  
og eftirlitsmann og einnig samkvæmt verklýsingum.

### Helstu magnbólur eru:

Gröftur 400 m skurðir  
Fylling og söndun 1200 m<sup>3</sup>  
Fráveitulagnir 500 m  
Neysluvatnslagnir 450 m  
Og fleira.

Útboðsgögn má nálgast þann 30. ágúst eftir kl. 12:00  
með því að senda póst á [utbod@hornafjordur.is](mailto:utbod@hornafjordur.is) og  
óska eftir gögnum fyrir verkið. Ath. Taka skal fram  
hvaða verk þetta er.

Tilboðsgjafar skulu vera búnir að skila inn tilboði í  
afgreiðslu Sveitarfélagsins Hornafjarðar eigi síðar  
en **fimmtudaginn 25. september 2018 kl. 14:00**,  
merkt "Hagaleira – Jarðvinna og lagnir 2018" er  
þau verða opnuð samtímis í viðurvist þeirra bjóðenda  
sem óska eftir að vera viðstaddir .

Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða  
hafna öllum.

Tilboð eru bindandi í 5 vikur frá opunardeg.

Nánari upplýsingar veitir:

Björn Imsland, [bjorni@hornafjordur.is](mailto:bjorni@hornafjordur.is), sími  
470-8000 eða 894-8413

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbrú 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)

## Aukavinna í Nettó Höfn með skóla eða annarri vinnu

Óskum eftir að ráða í hlutastörf og  
aukavinnu í Nettó Höfn.

Nánari upplýsingar hjá verslunarstjóra  
í síma 893-5444.

**nettó**  
Ódýrt fyrir heimilið!

# Um nýtingu frístundastyrks/tómstundastyrks

Dæmi:

Sveitarfélagið Hornafjarðar veitir foreldrum barna 6-18 ára sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, tómstundastyrk að upphæð kr. 50.000- á ári. Tómstundastyrkur er veittur vegna þátttöku barna

í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi, þar með talið nám í Tónskóla Austur-Skaftafellssýslu. Með tómstundastyrknum má greiða að fullu, eða hluta fyrir íþrótt-, lista- og/eða aðra

tómstundastarfsemi sem samþykkt hefur verið inn í Nora tómstundastyrkjakerfi sveitarfélagsins. En öll íþrótt- og tómstundatilboð þurfa að uppfylla reglur um tómstundastyrk til þess að fá skráningu þar.

Allar deildir Umf. Sindra eru með íþróttaráframboð sín skráð í kerfið og hafa foreldrar barna sem stunda íþróttæfingar notað kerfið til að nýta tómstundastyrkinn þegar þeir greiða æfingagjöld til félagsins. Nú færast skólagjöld við Tónskólann einnig inn í Nora tómstundakerfið svo foreldrar nemenda við skólann þurfa að skrá sig þar inn og velja að nýta tómstundastyrkinn til niðurgreiðslu á skólagjöldunum.

**ATH** - Ekki er lengur hægt að greiða í banka og framvísa greiðslukvittun í afgreiðslu ráðhússins. Ef foreldrar gleyma að haka við nýtingu frístundastyrks/tómstundastyrks missa þeir þar með af tækifæri til að nýta styrkinn í það sinn því Nora tómstundakerfið býður ekki upp á leiðréttingu heldur þarf að nýta styrkinn seinna fyrir annað námskeið.

Foreldrum er bent á að ónýttir styrkir fyrnast um hver áramót.

*f.h. Sveitarfélagsins Hornafjarðar  
Ragnhildur Jónsdóttir  
fræðslustjóri*

## Ferðafélag Austur-Skaftfellinga

Lifum og njótum  
Lýðheilsugöngur FÍ 2018



Í september ætlar ferðafélagið að taka þátt í lýðheilsugöngum Ferðafélags Íslands og bjóða uppá göngur við allra hæfi á miðvikudögum út mánuðinn.

Göngurnar hefjast kl. 18 nema þann 12. september sem hefist kl. 19

Tvær göngur verða innanbæjar og tvær í nágrenni Hafnar og munu vera 60 til 90 mínútur.

Fylgist vel með fésbókarsíðu Ferðafélags Austur Skaftfellinga en þar verða göngurnar auglýstar.

Nánari upplýsingar:

Jóhannes Danner	896-2081
Hrafn Heimisson	869-0192
Einar Jóhann	774-6558



## Aðalfundur Kvinnakórs Hornafjarðar

Verður haldinn laugardaginn 1. september  
í Sindrabæ kl. 14:00

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundastörf

Nú er að hefjast spennandi og skemmtilegur söngvetur. Nýir félagar eru boðnir velkomnir einnig væri gaman að sjá eldri kórfélaga koma til liðs við kórinn. Við hvetjum söngglaðar konur til að koma á fundinn og kynna sér stafsemi og vekefni kórsins

*Stjórnin*

## Endurmenntun atvinnubílstjóra

Vekjum athygli á að nokkur sæti eru laus á námskeið sem fara fram í Nýheimum Litlubrú 2 Höfn. Námskeiðin fara fram í gegnum fjarfundabúnað.

Mán. 03. sept. kl. 09 – 16 Fim. 06. sept. kl. 09 – 16  
Umferðaröryggi – bíltækni Vistakstur – öryggi í akstri

Þri. 04. sept. kl. 09 – 16 Fös. 07. sept. kl. 09 – 16  
Lög og reglur Vistakstur – öryggi í akstri

Mið. 05. sept. kl. 09 – 16 Mán. 10. sept. kl. 09 – 16  
Vöruf lutningar Farpegaflutningar

Mið. 05. sept. kl. 09 – 16  
Lög og reglur

Skráning og uppl. hjá [gudni@okuland.is](mailto:gudni@okuland.is)  
Nánari upplýsingar inná [okuland.is](http://okuland.is)

Ökuland ökuskóli



## Til sölu



1.690.000 kr

Vel með farinn VW TIGUAN, árgerð 2008,  
Sjálfskiptur, dísel, ekinn 98 þúsund km.  
**Upplýsingar í síma 898-3664, Jóhann**



# Láttu sjá þig á pallinum í sumar



## Alhliða veitinga- og pizzastaður

Verðum með opið frá kl.16-24 í sumar. Eldhúsið opið til kl.23  
Happy hour stemning með bar-matseðli milli kl.16-18  
Pizzapantanir í síma 478-2200. Heimsending frá kl.18-21.

**ÓSINN**  
RESTAURANT-PIZZERIA

Hótel Höfn  
Víkurbraut 20  
780 Höfn í Hornafirði  
S: 478 1240



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**

## DEILDARSTJÓRI HEIMAÞJÓNUSTUDEILDAR

Hlutverk deildarstjóra heimaþjónustu er að hafa umsjón með framkvæmd sértækrar þjónustu við fatlað fólk s.s. búsetu, dagþjónustu, hæfingu, ferðaþjónustu auk félagslegrar heimaþjónustu. Deildarstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri heimaþjónustudeildar, skipuleggur vaktir og afleysingar, tekur á móti umsóknum og útfærir þjónustu til notenda.

### Menntunar –og hæfniskröfur:

Háskólapróf sem nýtist í starfinu skilyrði. Æskilegt er að umsækjendur hafi háskólamenntun í heilbrigðis- eða félagsvísindum eða sambærilega menntun.

Reynsla af stjórnun og rekstri.

Reynsla af breytingastjórnun kostur.

Leiðtogafermi og hæfni til að leiða teymisvinnu.

Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.

Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.


Félagsmálastjóri er næsti yfirmaður deildarstjóra en um laun og starfskjör fer samkvæmt gildandi kjarasamningi launaneftdar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Nánari upplýsingar veitir Elísa Sóley Magnúsdóttir, félagsmálastjóri (elisa.soley@hornafjordur.is) í síma 470 8000.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að senda umsóknir rafrænt á netfangið [elisa.soley@hornafjordur.is](mailto:elisa.soley@hornafjordur.is) og er umsóknarfrestur til og með 10. September 2018.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)

## Viltu sjá Yosemite, Yellowstone og Miklagljúfur ?



Heimildamyndin „National Parks Adventure“ eða „Þjóðgarðaaævintýri“ með lýsingum Roberts Redford verður sýnd kl. 20, þriðjudaginn **4. september** í Nýheimum. **Frítt er inn á sýninguna.**

Boðið verður upp á happdrætti með verðlaunum tengdum þjóðgördum Bandaríkjanna. Kaffi og kleinur fyrir alla fjölskylduna!

Oscar Avila, upplýsinga- og menningarmálastjóri sendiráðs Bandaríkjanna verður á staðnum, ræðir þjóðgarða og mikilvægi þeirra og svarar spurningum um Bandaríkin, land, þjóð og menningu.

Við hlökkum til að sjá ykkur.

*Menningarmiðstöð Hornafjarðar*



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**

## Meindýraveiðar í Sveitarfélaginu Hornafirði

Sveitarfélagið minnir veiðimenn á að frestur til að skila inn veiðiskýrslum er **10. september 2018**. Ekki verður tekið við veiðiskýrslum sem berast eftir 10. september 2018. Greitt verður fyrir hvert veitt dýr í samræmi við reglur um refa- og minkaveiði.

Reglur um refa og minkaveiði má nálgast undir slóðinni: <http://www.hornafjordur.is/media/reglur-og-samthykkir/Reglur-um-refa-og-minkaveidi-i-Austur-Skaftafellssyslu---2013.pdf>

*Gunnlaugur Róbertsson, skipulagsstjóri*



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)

## BLÁTT PARTY

Föstudaginn 31. ágúst ætla Sjálfstæðisfélagin í Austur-Skaftafellssýslu að hittast í félagshúsinu að Kirkjubraut 3, kl.20.

Alþingismenn koma til að eiga með okkur góða stund.

Allir velkomnir

*Stjórnin*

